

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1861  
komudagur 31.3.2011



Biskup Íslands

### Nefndasvið alþingis

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um prest á Þingvöllum, þskj.325 – 282 mál.

Reykjavík, 28. mars 2011

Ég þakka þann áhuga á bættri prestsþjónustu við Þingvallakirkju sem fram kemur í þessari þingsályktunartillögu. Þó er ljóst að hún birtir talsverðan ókunnugleika um stöðu mála.

Samkvæmt lögum og samningi ríkis og kirkju þá er það þjóðkirkjunnar sjálfar en ekki Alþingis að skipa málum prestsþjónustunnar í landinu. Kirkjuþing setur starfsreglur á grundvelli þeirra laga og samnings um skipan sókna og prestakalla. Samkvæmt þeim starfsreglum er sóknarprestur Þingvallaprestakalls sem þjónar Þingvallakirkju með reglubundnu helgihaldi árið um kring. Er messað í Þingvallakirkju hvern helgan dag yfir sumartímann og margir kuna að meta þá þjónustu. Eins er messað mánaðarlega yfir vetrarmánuðina og á hátíðum. Vegna smæðar sóknarinnar er sóknarprestur Þingvallaprestakalls í hlutastarfi sem slíkur og hefur svo verið frá því er skilið var á milli embætta þjóðgarðsvarðar og sóknarprests. Árið 2004 ákvað biskup að tengja þjónustuna við Biskupsstofu og gegnir sóknarprestur verkefnisstjórn á sviði helgisíða og kirkjutónlistar og umsjón með þjálfun prestsefna.

Um aldamótin var aðstaða sú sem prestur hafði ætíð notið í Þingvallabænum tekin af prestinum. Nú hefur hann aðeins aðgang að litlu herbergi sem þjónar sem skrudhús og aðgang að salerni. Er það afar ófullnægjandi aðstaða.

Þingvallakirkja er í eigu ríkisins. Sóknin ber hins vegar straum af kostnaði við organista og söng. Þær litlu tekjur sem sóknin hefur af sóknargjöldum, sem ítrekað hafa verið skert á undanförunum árum, duga ekki fyrir þeim kostnaði. Því hefur Kirkjuráð hlaupið undir bagga.

Þingvallakirkja er sannarlega þjóðargersemi, einkar fögur í látleysi sínu. Árið 2007 ákváðum við þáverandi forsætisráðherra að ríkið, kirkjan og Kirkjugarðasjóður tækju höndum saman um endurbætur á kirkjunni og umhverfi hennar. Jöfnunarsjóður sókna lagði í framhaldi af því kirkjunni til níu milljónir króna sem greiddar voru á þremur árum. Eins lagði Kirkjugarðasjóður fram fjármuni til að hlaða upp kirkjugarðsvegg og fegra aðkomu að garðinum. Þjóðgarðurinn hefur staðið straum að fornleifarannsókn og að ljúka frágangi utanhúss og setja upp nýja lýsingu. Ekki fékkst sérstakt framlag frá ríkinu til verkefnisins. Eftir er að ljúka viðgerð á kirkjunni sjálfri, laga gólf og gera við fúaskemmdir, og má ætla að það verði talsvert kostnaðarsamt. Húsafríðunarnefnd hefur eftirlit með þessum framkvæmdum. Ég treysti því að ríkið láti nú ekki sinn hlut eftir liggja og að Alþingi veiti dyggan stuðning til Þingvallakirkju.

Í Guðs friði

